



Verklagsreglur um framkvæmd verðkannana og útboða með þátttöku Reiknistofu bankanna

Regla nr. 201206-1990-2 | Uppfært ágúst 2019 | Endurskoðun áætluð 2021 | Upplýsingatækni

1. Gildissvið

Verklagsreglur þessar gilda um kaup Landsbankans (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) á upplýsingatækniþjónustu þegar Reiknistofu bankanna (hér eftir „RB“) er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum, hvort heldur sem um er að ræða nýtt verkefni, kaup á nýrri þjónustu eða endurnýjun á þjónustu- eða rekstrarsamningi sem tengist upplýsingatækniþjónustu (hér eftir „verkefni“).

Tilgangur og markmið verklagsreglanna er að tryggja að leitað sé hagkvæmstu kjara í kaupum Landsbankans á upplýsingatækniþjónustu sem falla undir gildissvið verklagsreglnanna og að gætt sé jafnræðissjónarmiða við val á þátttakendum.

2. Framkvæmd

Landsbankinn mun framkvæma vandaða verðkönnun eða útboð vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu sem fellur undir gildissvið verklagsreglnanna. Ef það liggur fyrir að RB sé eini aðilinn sem getur veitt þá upplýsingatækniþjónustu sem Landsbankinn hyggst kaupa, er bankanum heimilt að víkja frá verðkönnunum og útboði. Landsbankinn heldur skrá um slík tilvik.

Samningstími samninga sem falla undir gildissvið verklagsreglanna skulu að hámarki vera fimm ár en heimilt er að framlengja samningunum um tólf mánuði í senn eftir að samningstíma þeirra lýkur, enda liggi fyrir málefnalegar ástæður fyrir framlengingunum.

3. Verðkannanir

Áður en verðkönnun fer fram eru þarfir bankans metnar með þarfagreiningu á viðkomandi verkefni samkvæmt verkferlum Landsbankans. Með þarfagreiningu eru þeir þættir tilgreindir sem lagðir eru til grundvallar við val á þátttakendum hverju sinni. Þátttakendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. hvað varðar fjárhagslega stöðu þeirra, reynslu eða annað sem bankinn telur nauðsynlegt. Þá eru ákveðin skilyrði sem tengjast viðkomandi verkefni hverju sinni, svo sem gæði, verð, tæknileg atriði, notagildi, umhverfiseiginleikar, rekstrarkostnaður, kostnaðarhagkvæmni, þjónusta, afhendingadagur eða afhendingartími. Framangreindar upptalningar eru ekki tæmandi og val á þátttakendum getur byggst á tveimur eða fleiri þáttum eða öðrum þáttum sem Landsbankinn metur hverju sinni. Í þarfalýsingu skulu þeir þættir tilgreindir eftir því sem við verður komið sem bankinn telur sérstaklega mikilvæga vegna viðkomandi verkefnis.

Í tengslum við verðkannanir gerir Landsbankinn gátlista aðgengilegan fyrir þátttakendur þar sem a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Þarfagreining/kröfulýsing – lýsing á verkefni
- Matsviðmið við mat á hagkvæmasta tilboði og hvernig tilboð eru metin
- Upplýsingar um tengilið Landsbankans
- Mat á því hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Lýsing á gögnum sem skilað skal með tilboði samkvæmt verðkönnun
- Tímastrestur um skil á tilboði samkvæmt verðkönnun

4. Útboð

Styðjist Landsbankinn ekki við verðkönnun vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu getur bankinn staðið fyrir opnu eða lokuðu útboði. Útboð og skilmálar sem tengjast því skulu vera skýr og málefnaleg og með skilmálunum skal tryggja jafna stöðu bjóðenda. Framkvæmd útboðs skal vera í samræmi við lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í útboðsgögnum:

- Þarfagreining/kröfulýsing – lýsing á verkefni
- Lágmarksskilyrði sem bjóðendur þurfa að uppfylla
- Matsviðmið við mat á hagkvæmasta tilboði og hvernig tilboð eru metin
- Upplýsingar um tengilið Landsbankans
- Mat á því hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Hvort frávíkstilboð sé heimilt
- Tímastrestur bjóðenda fyrir athugasemdir, hvar og hvenær tilboðum skal skilað
- Tilboðsblað eða lýsing á hvaða gögnum skal skilað með tilboði
- Hvar og hvenær tilboð verða opnuð

5. Tengiliður

Tengiliður Landsbankans vegna framkvæmd verðkannana eða útboða vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu:

Hópstjóri Samningastjórnunar – s. 410 4000

6. Ferill

